

14
15. febr.

Hafnarreglugjörð

fyrir Reykjavíkurborg.

Stjórnarráð Íslands hefir 15. febrúar 1911 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkurborg.

I. Hafnargjald.

1. Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatafs, 8 smálestir og þar yfir, hvort sem þau eru hlaðin vörum, með seglfestu eða tóm, skal greiða hafnargjald af öllu farmrúminu í hvert sinn, er þau leggjast við akkeri eða aðrar festar fyrir innan eyjar þær, er að höfninni liggja, eftir að þau hafa komið frá útlöndum, eða ef um skip ræðir, er fara að eins milli hafna á Íslandi, þá er þau í fyrsta skifti á árinu leita inn á höfnina, þannig:

- a) af skipum, sem eiga heima í Reykjavík, 3 aura af smálest hverri,
- b) af öðrum skipum 5 aura af smálest hverri.

Þá er skip tekur úr landi eða flytur í land vörur eða farþega, geldur það ennfremur 10 aura af smálest hverri, hvort heldur það er innan- eða utanþæjar, innan- eða utanríkiseign. Sama gjald greiða og skip þau, er afhenda farm sinn á höfninni til annara skipa eða taka farm úr öðrum skipum. Ef slík skip liggja á höfninni lengur en 14 daga samfleytt, tvöfaldast gjaldið.

- 2. Hafni skipið sig oftir en einu sinni á árinu á Reykjavíkurhöfn, greiðast gjöldin ekki að fullu nema hið fyrsta skiftið, en að eins að $\frac{3}{4}$ hin önnur skiftin. Skip, sem eingöngu ganga milli hafna innanlands, greiða þó ekki gjaldið oftir en þrisvar sinnum á ári.
- 3. Af þiljubátum minni en 8 smálestir greiðist ekki hafnargjald, hvort heldur eru seglbátar, mótorbátar eða gufubátar.

II. Aukagjald.

- 1. Skip þau, sem liggja í vetrarlegu á Reykjavíkurhöfn, skulu greiða í legugjald 20 aura fyrir smálest hverja.
- 2. Skip þau, sem liggja 6 mánuði eða alt að árlangt á höfninni, samkvæmt IV. kafla, skulu greiða árlega í legugjald 50 aura fyrir smálest hverja.
- 3. Öll skip, sem dregin eru á land á Reykjavíkurfjöru til hreinsunar eða aðgerðar, gjalda fyrir hvern sólarhring er þau liggja á þurru, 2 aura af hverri smálest og telst partur úr sólarhring sem heill væri. Sama gjald greiðist fyrir leyfi til að rífa þilskip í fjörunni.

4. Öll skip, sem greiða eiga hafnargjald samkvæmt framangreindum ákvæðum og hafna sig á tímabilinu frá 14. ágúst til 14. apríl, skulu greiða fyrir vita-
ljós hafnarinnar 2 kr. í hvert sinn, er þau leita hafnar á þessu tímabili. 14
15. febr.

III. Undanþága frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip, skemtiskip, björgunarskip og skip, sem gerð eru út til visindalegra rannsókna.
2. Íslenzk fiskiskip, ef þau ferma ekki né afferma annað en það, er afla þeirra og útgjörð snertir.
3. Skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið á land borinn, ef þau flytja aftur burt farminn og ekki annað.

IV. Geymsluskrokkar.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfnina skipum, sem notuð eru til geymslu, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka skipið upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, svo að það skemmi eigi höfnina, og sé því ekki fullnægt innan hæfilegs frests, þá geti hafnarnefndin látið gjöra það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd eða umsjónarmaður hennar ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust grunnfærin skuli vera og hvernig þeim skuli vera fyrir komið.

Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hættu af hvað leka snertir, þó að það sé mannaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja án þess að menn séu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Í skipum þessum séu á öðrum tímum árs að minsta kosti tveir menn, er hafnarnefnd tekur gilda, er haldi vörð og sjái um tendrun ljóskera.

Ljós skal tendra á skipum þessum og hljóðbendingar skulu gerðar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóða-sjóferðareglum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri

V. Um vetrarlegu.

Heimilt skal að leggja yfir veturinn mannausum skipum, sem heimilisfang eiga í Reykjavík, á höfninni fyrir austan venjulega skipalegu. Um leyfi til þess ber þó í hvert sinn að sækja til hafnarnefndar, og skal skipunum lagt undir umsjón manns, er hafnarnefndin felur það starf, og ákveður hann legustaðinn fyrir hvert skip.

Skipum, sem lagt er í vetrarlegu, skal leggja fyrir traustum grunnfærum, er umsjónarmaður hafnarnefndar tekur gild, og ákvæðum hans skal einnig hlíta um það, hvernig festum skuli fyrir komið og útbúnað skipanna að öðru leyti.

14 Meðan skip liggur mannaust í vetrarlægi, skal ekki sjaldnar en einu sinni í
15. febr. mánuði fara út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Umsjónarmaður sá, er hafnarnefnd ræður til að leggja skipunum og hafa eftirlit með þeim af hálfu hafnarnefndar, skal hafa í þóknun 5 kr. af hverju skipi, og greiða útgerðarmenn skipanna gjald þetta.

VI. Umferð um höfnina og notkun hafnarbryggjunnar.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma eigi né afferma, skulu eftir nánara ákvæði hafnarnefndar leggjast svo á höfninni, að þau ekki tálmi fermingu né affermingu verzlunarskipa.

Uppskipunarbátum má ekki leggja svo að þeir tálmi umferð að hafnarbryggjunni og ávalt skulu þeir liggja fyrir innan grynsta skipalægi. Hafnarnefndin ákveður takmörk svæðis þess, sem bátar mega ekki liggja á.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boði hafnarnefndar um að flytja skip sitt eða bát á höfninni, og getur þá hafnarnefndin látið gjöra það á kostnað eiganda.

Sá, sem notar bryggju hafnarsjóðsins eða vörugeymslupallinn, er skyldur til að hlýða sérhverju því, er hafnarnefndin eða umsjónarmaður hennar leggur fyrir í því efni.

VII. Almenn ákvæði.

Seglfestu má ekki taka í landi bæjarins annarsstaðar en þar sem borgarstjóri leyfir. Eigi má kasta út seglfestu á höfninni. Á land má því að eins flytja hana, að borgarstjóri leyfi, og þar sem hann til vísar.

Eigi má kasta út aftur akkerum eða öðrum áhöldum eða leyfum af skipum, sem slætt er upp á höfninni, heldur skal flytja slíka muni í land og afhenda þá lögreglustjóra til löglegrar meðferðar.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörð þessari renna í hafnarsjóð Reykjavíkur, og innheimtir bæjarfógeti þau.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. marz 1911 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

I stjórnarráði Íslands, 15. febrúar 1911.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.